

## A F S A L

**Seljandi:** Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafjarðarbæ.

**Kaupandi:** Fasteignafélagið Þingeyri ehf., kt. 640222-2120, Fornuströnd 8, 170 Seltjarnarnesi.

Seljandi afsalar hér með til kaupanda fasteigninni að Vallargötu 1 á Þingeyri í Ísafjarðarbæ, L193411, fnr. 212-5570, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Fasteignin er seld kaupanda með þeirri kvöð að fasteignin verði gerð upp og nýtt í samræmi við umsókn kaupanda til seljanda frá 24. október 2022 um að yfirtaka fasteignina (Gramsverslun), en húsið skal fært til fyrra horfs eftir því sem kostur gefst, auk þess sem allar framkvæmdir og breytingar í húsinu skulu unnar í samvinnu við Minjastofnun Íslands og leitað ráðgjafar hjá Minjavernd, eftir atvikum. Horfa skal til sögu Gramsverslunar og henni gerð skil við endurbyggingu hússins eins og kostur er.

Fasteignin er seld í því ástandi sem hún er og sem kaupandi hefur kynnt sér ítarlega og sættir sig við að öllu leyti. Um ástand fasteignarinnar vísast til skoðunarskýrslu Tækniþjónustu Vestfjarða ehf. frá 29. september 2021, sem kaupandi hefur kynnt sér og skoðast sem skilalýsing. Kaupandi veit því að ástand fasteignarinnar er mjög bágborið og að brýn þörf sé á miklu viðhaldi og endurbótum. Seljandi ber enga ábyrgð á kostnaðaráætlun í skoðunarskýrslu Tækniþjónustu Vestfjarða ehf.

Veðbókarvottorð liggur frammi við afsalsgerðina og hefur kaupandi kynnt sér það og ekki haft neitt við það að athuga. Fasteignin er seld kaupanda án annarra kvaða og veðbanda en fram koma í veðbókarvottorði og í afsali þessu.

Afhending miðast við útgáfudag afsals.

Ekkert endurgjald kemur fyrir fasteignina. Uppgjör vegna opinberra gjalda hefur farið fram. Kaupandi greiðir öll stimpil- og þinglýsingargjöld.

Seljandi lýsir kaupanda samkvæmt þessu réttan og löglegan eiganda framangreindrar fasteignar.

Til staðfestu öllu framanrituðu undirrita aðilar afsal þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta, sem staðfesta undirskriftir.

Undirskrift f.h. seljanda:

Undirskrift f.h. kaupanda

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri

Kjartan Ingvarsson, stjórnarmaður

Dagsetning:

Dagsetning:

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala